

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifirði

Egilsstaðir, 28. desember 2022
UST202203-025/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29.11.2022 – Fiskimjölsværksmiðja Eskju, Eskifirði

Þann 29. nóvember sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsværksmiðju Eskju á Eskifirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 2.16 í starfsleyfi. „Endurnýja þarf rör til inndælingar á sjó.“
Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun eru áætluð verklok 31. desember 2022.
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. „Heildarúttekt á losun mengandi efna í frärengsli verksmiðjunnar er ekki lokið.“
Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun er stefnt að mælingu á síld og kolmunna á árinu 2023.
3. Gr. 4.1 í starfsleyfi. „Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.“
Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun er stefnt að því að halda áfram með vinnu er varðar skýrslugerð um sjálfbærni/umhverfismál og eru áætluð verklok 31. desember 2023.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.16 í starfsleyfi. Úrbætur hafa ekki verið gerðar á búnaði í kjölfar þess að COD mældist of hátt í frärengsli. Samkvæmt áætlunum rekstraraðila átti hreinsunarkar að vera komið í notkun. Vinna hefur tafist og á eftir að tengja karið við verksmiðjuna
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Framkvæma skal heildarúttekt á losun mengandi efna. Mælingar skal gera á fitu svifefni og COD og/eða BOD. Úttektin skal taka til vinnslu á helstu tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun átti að mæla á makrílvertíð 2022.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymissjóri